



Skýrsla stjórnar Jarðhitafélags Íslands fyrir starfsárið 2007-2008

Flutt á aðalfundi JHFÍ 22. apríl 2008

Aðalfundur Jarðhitafélagsins árið 2007 var haldinn þann 23. apríl, í sal Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Á fundinum gengu Oddur Björnsson og Einar Tjörvi Elíasson úr stjórn. Í stað þeirra og Valgarðs Stefánssonar, sem lést árið 2006, voru kjörin inn í stjórnina þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir, en áfram sátu formaðurinn, Ásgeir Margeirsson, Auður Andrésdóttir, Einar Gunnlaugsson og Ólafur G. Flóvenz. Á fyrsta fundi stjórnar var Ólafur Flóvenz kjörinn varaformaður, Einar Gunnlaugsson kjörinn gjaldkeri og Gústaf Adolf Skúlason kjörinn ritari. Stjórnin hefur fundað nú sinnum milli aðalfunda.

IGA-fundir á Íslandi

Helsta verkefni stjórnar á því starfsári sem nú er að líða var undirbúningur og framkvæmd aðal- og stjórnarfundu Alþjóða jarðhitasambandsins (International Geothermal Association – IGA), sem fram fóru hér á landi dagana 10. og 11. október sl., í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls og í Gvendarbrunnum. Um 50 erlendir gestir víðs vegar að úr heiminum sóttu fundina og um leið haustfund Jarðhitafélags Íslands, allt sérfræðingar á sviði jarðhitanýtingar. Heimsóttu þeir jafnframt jarðhitavirkjanir og virkjanasvæði á Helliheiði og Reykjanesi og fræddust um nýtingu jarðhita hér á landi. Samorka aðstoðaði dyggilega við framkvæmd fundanna og sama má segja um Orkuveitu Reykjavíkur, sem jafnframt bar verulegan hluta kostnaðar. Ennfremur komu Fjarhitun, Geysir Green Energy, Glitnir, ÍSOR og VGK-Hönnun að kostnaðarhliðinni með myndarlegum hætti og eru öllum þessum aðilum færðar bestu þakkir, sem og hinum mikla fjölda innlendra jafnt sem erlendra ræðumanna á fundinum. Fundirnir þóttu heppnast afar vel og var framkvæmd þeirra til mikils sóma.

Haustfundur JHFÍ

Jarðhitafélag Íslands notaði tækifærið og hélt haustfund sinn þriðjudaginn 9. október, um alþjóðlega þróun og horfur á sviði jarðhitanýtingar. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra opnaði fundinn en í kjölfarið flutti fjöldi erlendra og innlendra sérfræðinga, sem hingað komu vegna IGA-fundanna, erindi um þróun og horfur á þessu sviði. Fundurinn var haldinn í sal Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Sóttu hann á áttunda tug manns, þar á meðal nokkrir fulltrúar íslenskra fjölmiðla sem gerðu efni fundarins ágæt skil á sínum vettvangi.

Vorfundur JHFÍ

Vorfundur Jarðhitafélagsins var haldinn þann 29. febrúar sl., í Orkugarði á Grensásvegi og var þema hans vannýtt tækifæri í lághitanýtingu. Þar fluttu erindi auk

formanns félagsins þau Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur á ÍSOR, Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð og Helga Barðadóttir frá iðnaðarráðuneytinu, reyndar í forföllum Guðjóns Axels Guðjónssonar. Fram kom að þekking okkar á lághitasvæðum landsins hefur aukist töluvert á síðustu árum og mun það vonandi leiða til þess að hlutfall húsnæðis hitað með jarðhita á Íslandi aukist frá núverandi 89% í 95-96%. Er það mikið tilhlökkunarefni fyrir okkur jarðhitafólk. Einnig kom fram að sóknarfæri eru varðandi stuðning hins opinbera til jarðhitaleitar og þarf að vinna því frekari farveg í náinni framtíð. Fundinn sóttu tæplega 50 manns og heppnaðist hann afar vel, og kann félagið fyrirlesurum jafnt sem húsráðendum í Orkugarði hinar bestu þakkir fyrir.


Önnur mál

Stjórnin hefur fjallað nokkuð um stöðu vefsvæðis félagsins sem því miður er orðið nokkuð úrelt. Liggja nú þegar hugmyndir og tilboð fyrir um breytingar og þróun á vefsíðunni sem ný stjórn þarf að taka afstöðu til fljótlega.

Þá ákvað stjórnin að senda stjórn IGA, Alþjóðajarðhitasambandsins, bréf þar sem lýst er vilja félagsins til halda World Geothermal Congress (WGC) hér á landi árið 2015. Félagið bauðst einnig til að halda ráðstefnuna árið 2010 og sendi á sínum tíma formlegt tilboð þar að lútandi en varð að lúta í lægra haldi fyrir Indónesum. Væntir stjórn Jarðhitafélagsins góðs samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök til að vinna sem best að framgangi málsins og vonandi ráðstefnuhald.

Að lokum flytur stjórnin félögum Jarðhitafélagsins og öðrum sem lagt hafa sitt að mörkum í starfi félagsins bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf undanfarna tólf mánuði.

F.h. stjórnar



Ólafur G. Flóvenz
varaformaður